




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



BRÁKARBORG

2021 – 2022


Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
2.1 Innra mat	4
2.1.1. Dvergheimar	6
2.1.2. Álfheimar	8
2.1.3. Jötunheimar	11
2.2. Ytra mat	13
3. Sérkennsla – innra mat	14
4. Fjöltýngd börn – innra mat	18
5. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	21
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
7. Foreldrasamvinna	23
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24

Leiðarljós leikskólans




Leiðarljós Brákarborgar er að gefa öllum börnum tækifæri til náms út frá þeirra þörfum. Gildin okkar **AGI – VIRÐING – UMHYGGJA** fléttast inn í allt nám skólans og styður við þá vinnu. Við viljum efla og styðja hvern einstakling til sjálfstæðis og nýtum meðal annars LAUSNAHRINGINN okkar til þess. Með honum viljum við gefa börnunum tæki til þess að nota í daglegu starfi við að leysa ágreiningsefni, vinna úr málum og hjálpa bæði fullorðnum og börnum svo eitthvað sé nefnt.

1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið mótaðist að miklu leyti af síbreytilegu starfsumhverfi vegna sóttvarnarreglna sem fléttaðist svo fram og aftur eftir stöðunni í samfélaginu. Nokkrum sinnum vorum við með veiruna víðfrægu í sjónmáli en náðum alltaf að sleppa við að loka eða senda heim í sóttkví, sem var ákaflega gleðilegt. Flókin samsetning deilda og vinnustytting var áskorun ásamt því að setja upp „kaffistofu“ í kjallara Jötunheima var stærsta áskorun vetrarins enda þrífast kennarar mikið á samskiptum og lítill skóli eins og Brákarborg hefur mikla þörf fyrir að nýta mannauðinn á milli deilda.

Álag á alla hlutaðeigandi, öðruvísi en við þekkjum og mátti finna það í starfsmannahópnum, foreldrahópnum og einstaka sinnum í barnahópnum, það var þó áberandi að börnin voru ekki að velta þessu mikið fyrir sér



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að meta starfið okkar, nám og stöðu barna. Unnið er í samstarfi við foreldra með gerð einstaklingsnámskrár fyrir öll börn, þar sem grunur að þeim er unninn út frá ákveðnum punktum. Skipulagsdagar, deildarfundir, starfsmannafundir og fundir með foreldrum eru nýttir til þess að meta allt það sem fellur undir starfsemi leikskólans. Innra mat er einnig byggt á ýmsum ferlum sem snúa að öðrum þáttum svo sem skráningarlistum í tengslum við Heilbrigðiseftirlit, Vinnueftirlit, Eldvarnareftirlit ásamt þeim fjölmörgu áætlunum sem okkur ber að vinna s.s. eineltisáætlun, læsis-áætlun og Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Einingakubbar	Deildarfundum þar sem farið var yfir tíma, stöðu og þróun kubbastarfsins	Allir starfsmenn deilda	Að mestu leyti hefur gengið vel með kubbastarfið en ljóst að við þurfum að þjálfar okkar fólk enn frekar í fræðum þess. Helstu veikleikar er vöntun á rými allra deilda, en þó sérstaklega á deild elstu barna.
Sjálfsfelling og lausnaringurinn	Farið yfir málin á hverri deild fyrir sig	Allir starfsmenn, foreldrar og börn	Að mestu leyti komið til framkvæmda en vissulega þarf að efla enn frekar lausnaringurinn og að börnin hafi meira áhrif á nám sitt.
Mat frá starfsáætlun	Hver deild mat út frá markmiðum starfsáætlungar	Samræður á deildarfundum, markmið sett og unnin áætlun til umbóta	Vegna þess hve vel tókst að halda úti starfi þá var náðist að vinna með markmiðin að mestu eða öllu leyti

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2021

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun						
Móttaka nýliða	Styrkja betur og efla nýtt starfsfól k	Halda betur utan um samtöl deildarstjó a með því að festa tíma á samtöl	Stjórnend a-teymi skólans	Þegar nýr starfsmað ur hefur störf	Yfirfara skráningar í móttökuáætlun og gera endurbætur á starfsmannahandbók skólans	Starfsfólk hafi fengið tvö leiðbeiningasamt öl að minnsta kosti
Vinnuálag	Draga úr álagi	Verkefni og umfang þeirra	Stjórnend a- teymi skólans	Að hausti og vori	Starfsmanna- fundir, deildarfundir og könnun til starfsmanna	Meðaltala hærri en 3,40
Uppeldis- og menntastarf						
Heilbrigði og vellíðan	Markmi ð sett og tengt við fyrri vinnu með sjálfsefli ngu og lausnah ring fyrir börn, foreldra og starfsfól k	Gátlisti notaður til að taka stöðu að hausti. Samtal við foreldra um þörf á aðstoð og kynningu	Stjórnend ur ásamt verkefnast jóra lausnahrin gsins	Allur veturinn, samtöl að hausti og vori	Gátlisti og verkefni lausnahringsins	Að börn, foreldrar og starfsfólk verði sterkari í notkun lausnahringsins og að við sjáum fleiri þætti komna til framkvæmda að fullu
Mannauður / Leikskólabragur						
Jafnrétti	Að allir upplifi sig skipta máli og hafi hlutverk	Umræður á teymisfun dum og allir taki þátt og hafi hlutverk	Allt starfsfólk en aðallega stjórnend ur og reyndara starfsfólk	Skólaárið	Viðhorfskönnun starfsmanna	Hærra meðaltal en undangengin ár í könnun

Umburðalyndi	Fjölbreytileiki í starfsmannahópi verði aukinn	Umræður í hópum um fjölbreytileika og námskeið með öllum	Utanaðkomandi fræðsla og stjórnendateymi	Haust	Viðhorfskönnun starfsmanna	Færri starfsmenn sem upplifa fordóma gagnvart öðru starfsfólki
Innra mat						
Rödd barna	Notumst meira við að fá börn að vali verkefna og mati á þeim	Finna betri leiðir til að meta betur starfið með börnum	Deildarstjórar og skólastjórar	Allur veturinn	Menntastefna – gátlisti	Fleiri þættir komnir að fullu til framkvæmda
Rödd foreldra	Raddir foreldra verði meira inn í mati á námi barnanna	Finna leiðir til að fá foreldra meira inn í að meta framfarir barna	Deildarstjórar og skólastjórar	Foreldrasamtöl og upplýsingar til stjórnenda	Viðhorfskönnun til foreldra	Meðaltal herra en undanfarin misseri

2.1.1. Dvergheimar

Heilt yfir gekk veturinn vel og má því þakka stöðugur starfsmannahópur. Deildarstjórinn er eini leikskólakennari deildarinnar en annars eru 3-4 starfsmenn.

Þrettán börn voru á deildinni en í maí bættist fjórtánda barnið í hópinn. Þrír árgangar voru á deildinni, 2017, 2018 og 2019. Mikil munur var á þroska og getu barnanna, vegna þess hversu aldursbilið er dreift. Það var því mikil áskorun fyrir kennara að hafa verkefni við hæfi fyrir alla aldurshópa og taka tillit til mismundi þarf hvers og eins barns.

Hópastarf var þrisvar í viku og var börnunum skipt í tvo hópa. Í hópastarfi unnið þætti úr námsviðunum eins og sköpun, heilbrigði og velferð og læsi. Unnið var einu sinni í viku með einingakubbana og könnunarleik. Mikill tími var gefinn fyrir frjálsa leikinn og börnum gefin tækifæri með að læra og þroskast í gengum hann. Jafnframt var hugað að fjölbreyttu efniviði í leikinn.

Foreldrasamtöl fóru fram með rafrænum hætti bæði að hausti og vori. Samkvæmt þeim eru foreldrar almennt ánægðir og segja að börnunum þeirra líði vel í skólanum.

Umbótaþættir Dvergheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsingaf læði	Gott upplýsingarflæði til foreldra.	Myndrænt skipulag. Nýta upplýsingartöflu í fataklefanum Fréttabréf til foreldra í tölvupósti reglulega. Nýta Facebook-síðu foreldrafélags Brákarborgar	Ágúst 2021 og úr skólaárið 2022	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, starfsfólk deildarinnar tekur þátt og er virkt í umræðum um hvað er gengur vel og hvað má bæta.	Viðhorf foreldra kannað í foreldrasamtölum og könnun til foreldra á vorönn.
Áætlun yfir skólaárið	Að gera ýtarlegt skipurit fyrir innleiðingu á jákvæðan aga og launsahringnum.	Hafa verkefnalista fyrir hvern mánuð. Útbúa skráningarblöð fyrir könnunarleik og kubbastarf. Innleiða á lausnahringnum heldur áfram og fer fram í hópastarfi, samverustundu m og daglegu starfi.	Frá september til loka skólaársins	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með starfsmönnum deildarinnar	Endurmat á deildarfundum. Er settum markmiðum náð og ef ekki hver er ástæðan. Starfsfólk hvatt til að koma með skráningu eða umræðupunkt á fundinn.	Fara yfir skipulag skólaársins, skoða hvað vantar og hverju er ofaukið. – Viðmiðið er að allir geta nýtt sér áætlunina og að hún falli vel að skipulagi vetrarins
Samveru- stundir	Fjölbreyttar samverustundir. Þar sem áhersla er lögð á auka orðaforða með lestri á bókum, leggja inn vísur /rím og söng. Nota TMT. Umræður og innleiðing á	Kennara nýti undirbúning sinn til að skipuleggja samverustundir, t.d. hvað bækur á að lesa, hvað lög sunginn o.s.frv. Fjölbreytt lagaval, lögð	Ágúst 2021 og út skólaárið 2022.	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, mikilvægt að kennara séu virkir í umræðu, t.d. komi með skráningar eða umræðupunktá fundinn.	Metið með tékklistum sem hvort settum markmiðum sé náð. Ef ekki hver er ástæðan. Hvað gengur vel og hvað má bæta.

	vikudögum, mánuðum og árstíðum. Börnin læri í hvað mánuði þau eiga afmæli.	verður áhersla á tvö til þrjú lög í viku sem sunginn eru á hverjum degi. Tilgangur að auka öryggi hjá börnum og kennurum. Lagt inn tákni vikunnar. Vísa mánaðarins. Settar upp árstíðarmyndir í samverukrók.				
--	--	--	--	--	--	--

Nýta hefði betur upplýsingatöflu í forstofu deildar, til upplýsingagjafar til foreldra og senda tölvupóst með reglulegra millibili (t.d. vikulega eða á tveggja vikna fresti).

Hefðum mátt byrja fyrr á hlutverkum barnanna, þ.e. fataherbergisstjóranum og lausnahringsstjóranum.

2.1.2. Álfheimar

Nemandafjöldi skólaársins 2020-2021 á Álfheimum var ekki eins allan tímann. Til áramóta höfðu þau verið 14, 3 börn fædd 2016 og 11 fædd 2017. Í lok desember flutti 1 barn í annað sveitafélag og hætti hjá okkur. Í janúar byrjuðu 2 börn hjá okkur. Áfram 3 börn í 2016 árganginum og 12 börn fædd 2017.



Starfsfólk deildarinnar voru 3 allan veturinn. Til áramóta var það leikskólakennari með deildarstjórn og leiðbeinandi sem er með B.A. próf í íslensku sem annað mál og háskólamenntaður leiðbeinandi. Einn af starfsmönnum fór í veikindaleyfi í lok janúar. Þá kom inn starfsmaður sem er leiðbeinandi.

Aðlögun fór fram í lok ágúst og september. Hún gekk að mestu mjög vel.

Í hópastarfi var börnunum skipt í tvo hópa. Hópstjórar skiptust á að vera vikulega með hvorn hópinn. Það sem hóparnir voru að gera skiptist á milli kubbavinnu, hreyfingar, listsköpunar og útináms. Í upphafi skólaárs var gert plan fyrir myndlist, hvaða verkefni væri unnið að í hverri viku.



Einu sinni í viku voru ferðir. Í upphafi skólaárs var gert plan hvað væri gert og farið í hverri ferð. Þá fóru börnin í ferðir út fyrir leikskólalóðina. Hópurinn fór mest í ferðir í nágrenni leikskólans. Í lok skólaársins fóru börnin í ferðir til að fræðast um heimilisföng sín og annarra.

Helstu áherslur í skólaþróun voru að efla sjálfshjálp og sjálfsvitund einstaklingsins. Börnin lærðu að þekkja heimilisföng sín, nöfn

og afmælisdaga. Þau sinntu ýmsum verkefnum s.s. aðstoðarmaður kennara, veðurfræðingur og lausnahringsstjóri. Öll þessi hlutverk eru ætluð til þess að efla einstaklinginn.

Tákn með tali er hjá okkur og strax í september byrjaði aftur að í hverri viku eru innleidd 2 tákn sem eru tákn vikunnar.


Í byrjun janúar byrjuðu Lubba-stundirnar. Lubba-stundir byggjast á bókinni Lubbi finnur málbein, íslensku málhljóðin sýnd og sungin sem er eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Sóttvarnarhólfun og stytting vinnuvikunnar hefur haft áhrif á starfið að einhverju leyti en heilt yfir hefur gengið mjög vel og við verið heppin með að þurfa ekkert að grípa til aðgerða s.s. sóttkví eða lokun.

Umbótaþættir Álfheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðarað ili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir ?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Listsköpun	Unnið markvisst með listsköpun starfi með börnunum í frjálsu vali	Vinna með listsköpun í frjálsu vali a.m.k. 1 sinni á dag.	Í septemb er og er út maí 2022.	Deildarstjóri og starfsfólk	Farið yfir það á deildarfundum um það hvernig verkefnin eru framkvæmd og börnin höfð með í hugmyndavinnu	Skoða að vori hvort að þurfi að bæta inn eða taka út verkefni. Árangur verður sjáanlegur á veggjum og í möppum barnanna. Listsköpun verður orðin hluti af daglega starfinu á hverjum degi.
Markviss kynning á nýju lagi vikulega	Bæta í lagasafn krakkana og þau kunni fjölbreytt lög.	Á hverjum mánudegi er nýtt lag kynnt og unnið með það á hverjum degi í söngstund.	17. maí 2021- 01.júni 2022.	Starfsfólk deildarinnar . Hver starfsmaður ber ábyrgð á sinni viku sem hann á söngstund.	Endurmat á deildarfund-um á 3 vikna fresti. Skráninga- blað yfir lögin sem koma vikulega.	Að börnin kunni fjölbreyttara lagaúrval og að það sé orðið hluti af starfinu að koma með nýtt lag í hverri viku.
Skráning leikfélaga	Hverjir eru leikfélagar í útiveru. Sjá hvort að barnið sé mikið eitt og við hverja það leikur.	Með skráningu í útiveru. Gá þrisvar sinnum í útiverunni	Daglegt, 4 vikur að hausti og aftur á vorönn.	Starfsfólk deildarinnar	Endurmat á deildarfund-um. Fara yfir skráningar- blöðin og athuga hvort að skráningum hafi verið fylgt eftir. Hvort að barnið sé mikið eitt og hverjir eru leikfélagar	Að allt starfsfólk á deildinni sé meðvitað, hvernig börnin eru stödd félagslega í útiveru og hvort þau þurfi aðstoð til að komast í leik með félögum.
Lausnahrin- gurinn	Að það verði hluti af okkar daglega starfi inn á deild bæði hjá börnum og starfsfólki	Nýta lausnar- hringinn í öllum tækifærum sem gefast til að nýta hann í. Skráningarblað fyrir starfsfólk.	Maí 2021-maí 2022.	Deildastjóri og starfsfólk	Deildafundir starfsmenn meta árangur síðastliðna 3 vikna á hverjum deildarfund	Að börn og starfsfólk sé að nota lausnahringinn á hverjum degi. Hægt að sjá einnig á skráningarblaði starfsfólks.

2.1.3. Jötunheimar



Stór hluti skólaársins einkenndist af áhrifum CoViD-19. Áherslur að fylgja reglum sóttvarnarlæknis, aðgæta smitleiðir og miklar sóttvarnir. Leikskólanum var skipt í tvö sóttvarnarhólf 3. nóvember til áramóta. Þetta ástand leiddi til þess að töluverð einangrun varð á deildinni. Kaffistofa var útbúin í sérkennsluherbergi, við hliðina á hvíld barnanna, þar af leiðandi þurfti starfsfólk að hvísla sín á milli í persónulegum pásam til að börnin fengju einnig sína hvíld. Þetta hafðist og var mikil reynsla fyrir alla, börn, foreldra og starfsfólk.

Övenjumargt starfsfólk var í Jötunheimum sökum fjölda stuðningsbarna og þunga þeirra. Töluverðar breytingar áttu sér stað í hópnum, sem kom til af ýmsum ástæðum. Starfsfólk var þó almennt þakklátt fyrir lífsreynsluna sem fylgdi heimsfaraldri á einn eða annan hátt, en að sjálfsgöðu var það dýrmætast þegar við gátum átt samneyti við annað samstarfsfólk og lengri samskipti við foreldra.

Öll foreldrasamtöl fóru fram rafrænt, það fyrirkomulag hugnaðist foreldrum vel og er stefnt á að bjóða uppá það áfram. Nemendafjöldi var 16 börn, 10 fædd 2015 og 6 fædd 2016.

Við lögðum af stað í haustið með símat í huga, til að halda betur utan um samverustundir, hópastarf og starfið almennt. Gekk það ágætlega en notuð voru heimagerð skráningarblöð, (sjá sýnishorn hér til hliðar). Til að eiga skráningu, söguna, hvað gekk eftir og hvað þurfti að breyta. Það gekk ágætlega framan af, því miður datt síðan botninn út því þar sem við komumst hreinlega ekki í þessa mikilvægu skráningu, ástæðan var mestmegnis, af völdum, þarfa sérkennslu og álags.

VIKAN
Samvera – hópastarf- stöðvavinna

1. hvaða dagur er í dag? munu að nota táknin fyrir daginn
2. dagsetning mánuður og númer daga?
3. sýna á spjaldi hvað á að gera í samverunni t.d. lesa bók, fara í leik, syngja
4. í lok samverunnar, fara yfir stundaskranna – hvað er framundan í dag
5. mikilvægt er að hugsa um endurtekingu og æfingu, því æfingin skapar meistarann

LAUSN MÁNAÐARINS:

fara yfir reglurnar

Fimmtudagur
Fyrirgagnandi er (undirbúningur/undun):

Lesið bókina:

Fara í leikinn
Syngja lagið
Æfa:

Hópastarf – stöðvavinna:

Þar sem nemendahópurinn var samsettur af mjög ólíkum einstaklingum, mörg voru með sérstakar greiningar frá viðurkenndum stofnunum, önnur á svo kölluðu „gráu“ svæði völdum við þann kost að skipta þeim upp eftir styrkleikum. Úr varð 5 barna hópar og kennari fylgdi hóp, auk sérkennara. Markmiðin voru að efla hjá þeim, kubbanámið, málörvun og útinám, þessi leið gekk vel og vorum við sátt með það. Mikil áhersla var lögð á innlögn LAUSNAHRINGSINS, var farið markvisst í að fylgja þeirri námskrá eftir, það gekk vel og er alltaf hægt að gera enn betur.

Umbótaþættir Jötunheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Útinám	Sjálfs hjálp varðandi klæðnað, auka hreyfifærni og styrk. Fara í styttri ferðir og færri börn í einu	Gefa börnunum nægan tíma og rými í fataherbergi	Upphaf skólaárs	Hópstjóri ber ábyrgð á skipulagi og er fyrirmynd annarra.	Setja upp stundaskrá með það í	Börnin, sjálfstæð, í útiklæðnaði, örugg í útiveru, geti gengið lengri ferðir og notið útiverunnar
Kubba- nám	Efla starfsmenn í kubbastarfi, gera starfið aðgengilegt og nota möppu sem útbúin hefur verið um kubbana	Fá inn fræðslu fyrir alla starfsmenn um einingakubba	Við upphaf skólaárs	Deildarstjóri	Greina hvar hindranirnar liggja og hvernig við getum yfirstigið þær	Að börnin óski eftir að leika í kubbum, æfi og læri stærðfræðina á bak við þá
Hópa- starf	Lesið þarf í barnahópinum, meta hvort þarf að skipta eftir styrkleikum eða aldri	Hópstjóri setur upp beinagrind fyrir hópastarfið	Upphaf skólaárs	Hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp	Skiplag á töflu, hver og einn með sína möppu	Meta á deildarfundum „sögu og samfellu hópastarfs“
Lausna- hringurinn 	Fylgja eftir námskrá Lausnahring- sins	Námskráin sýnileg fyrir kennara, börn og foreldra	Allt skólaárið Sjá skóladag atal	Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að kynna sér námskrána og innleiða hana í sína vinnu	Skráningar umræða, verkefni, fléttað inn í dagsins önn, börnum hrósað	Að börnin hafi lært að tileinka sér lýðræði, virða skoðanir annarra, taka þátt þó svo hugmyndin sé ekki þeirra

Barna- lýðræði	Gefa börnunum aukin tækifæri til þess að hafa áhrif á viðfangsefnum	Hlusta og reyna að koma á framfæri óskum þeirra	Við upphaf skólaárs	Hópstjóri og allt starfsfólk	Barnalýðræði kosningar hvað gera skuli og kenna þeim að endurmeta	Að starfsfólk sé öruggt og ánægt í starfi, sæki sér hugmyndir í Menntastefnu og miðli sinni reynslu
---------------------------	---	---	---------------------	------------------------------	---	---

2.2. Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Könnun á vegum Skóla- og frístundasviðs	Foreldrar barna í Brákarborg	Að foreldrar telja börnum sínum líða vel og taka framförum í leikskólanum
Viðhorfskönnun starfsmanna	Könnun á vegum Skóla- og frístundasviðs	Starfsfólk Brákarborgar	Flestir þættir hækkuðu fá fyrra ári nema starfsandi lækkaði lítillega. Það var enn frekari lækkun á þáttum s.s. starfsaðstöðu, álagi og aðbúnaði sem hefur fengið falleinkunn til margra ára.

Þrátt fyrir það að margt gott eigi sér stað í starfi skólans þá er einnig margt sem betur má fara. Það er ljóst að starfsfólk sér þá hluti sem bæta þarf en líklegt að jákvæðni hafi verið meiri en tilefni gefur til vegna þeirra fregna að stækkun skólans verði á næsta ári. Mögulega er það hluti af þeirri niðurstöðu að við fengum ásamt þremur öðrum starfsstöðvum titilinn að vera fyrirmyndar starfsstaður innan Skóla- og frístundasviðs.

3. Sérkennsla – innra mat

Það má með sanni segja að skólaárið einkenndist af áhrifum CoViD-19. Öllum reglum sóttvarnateymis var fylgt strangt eftir og leikskólanum m.a. skipt í tvö sóttvarnarhólf frá byrjun nóvember og fram yfir áramótin. Kaffistofa var útbúin í sérkennsluherbergi sem staðsett er í kjallara elstu deildar. Taka skal fram að sérkennsluherbergið er við hliðina á hvíldarstað barnanna og þurfti starfsfólk því að hvísla sín á milli í kaffitímum. Þetta gekk þó ótrúlega vel og starfsfólk til fyrirmyndar, sýndi mikla samstöðu og voru samtaka um að gera sitt besta til að láta hlutina ganga upp. Sérkennsluteymið er stærsta deild hússins með flesta starfsmenn, þó allir séu þeir ekki í fullri vinnu. Í teyminu störfuðu; sérkennslustjóri með leikskólakennarapróf í 80% starfshlutfalli, þroskajálfi, grunnskólakennari, leikskólakennarar og leiðbeinendur. Starfsfólk vann þó ekki allt á sama tíma. Gott samstarf og samábyrgð einkennir starfsmannahóp sérkennslunnar.



Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sjá nánar í greinargerð hér fyrir neðan um skipulag og framkvæmd.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	• Smábarnalistinn, metur þroska 0-3 ára barna • Íslenski þroskalistinn, metur þroska 3-6 ára barna • TRAS, skráning á málþroska ungra barna • AEPS, færnimiðað matskerfi • Hljóm-2 sem prófar mál- og hljóðvitund elstu bara í leikskólanum • Efi-2, málþroskaskimun • Gátlistar fyrir málþroska • Gátlistar fyrir tvítyngd börn • VB-MAPP, Verbal Behavior Milestones Assessment and Placement Program
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	• VB-MAPP • The Verbal Behavior Milestones Assessment and Placement Program (A Language and Social Skills Assessment Program for Children with Autism or Other Developmental Disabilities) • Lubbi finnur málbein • Gefðu 10 • TRAS (námskeið) • AEPS (námskeið) • TMT (námskeið) • Lausnahríngurinn

Fjöldi nemenda

Í leikskólanum eru 44 börn, þar af eru 11 börn sem tilheyra sérkennslu. Auk þess eru mál 7 barna í ferli. Þó er ekki fjármagn með öllum einstaklingum enda málin misþung.



Ábyrgðarmaður sérkennslu

Ábyrgðarmaður sérkennslu er sérkennslustjóri Brákarborgar.

Skipulag og framkvæmd

Unnið er eftir hugmyndafræði leikskóla án aðgreiningar en í því felst að fjölbreytileikinn er hafður að leiðarljósi og að öll börn fái jöfn tækifæri í leik og námi sé þess nokkur kostur.

Kennarar og foreldrar fá stuðning og ráðgjöf eftir þörfum en íhlutun er ávallt í samráði og samvinnu við foreldra. Áhersla er lögð á þverfaglega nálgun og samvinna milli stofnana hefur verið almennt góð. Taka skal þó fram að verkaskipting innan þjónustumiðstöðvarinnar hefur verið óljós að okkar mati og vonumst við til að ráðin verði bót á því.

Um leið og grunur vaknar hjá kennurum um hegðunar- eða þroskafrávik hjá barni, fer ákveðið ferli af stað. Áhersla hefur verið lögð á að íhlutun hefjist sem fyrst. Byrjað er á því að eiga samtál við foreldra og í samráði við þá er gerð skrifleg áætlun um íhlutun. Foreldrar fá matslista til að fylla út og kennarar gera atferlisathuganir og halda skráningar, skriflega og með myndupptökum. Ef talin er þörf á frekari íhlutun, er óskað eftir ráðgjöf þjónustumiðstöðvar. Íhlutun hennar felst í sérfræðiþjónustu til skóla og heimilis. Auk þess er samstarf við aðrar stofnanir eins og Æfingastöðina, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt samvinnu við sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga.

Ef barn af erlendum uppruna er vísað í athugun, t.d. vegna málþroska, eru ákveðnir gátlistar um málþroska fylltir út bæði af foreldrum og kennurum. Í einhverjum tilfella er stuðst við lista vegna fjöltyngis.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir öll börn, líka þau sem njóta sérkennslu. Áhersla er lögð á áhrif og virkni foreldra við mótun og framkvæmd einstaklingsáætlunar. Einstaklingsnámskrár eru í virkri notkun.

Síðastliðinn vetur voru reglulega haldnir stöðufundir með foreldrum, sem fóru fram rafrænt sökum CoViD-19. Sú reynsla var góð og stefnt er að halda því áfram. Slíkir fundir hafa verið haldnir a.m.k. á 6 vikna fresti og sérstaklega í ljósi slæmrar fundaaðstöðu, var mikil ánægja hjá bæði starfsfólki og foreldrum með þetta fyrirkomulag funda. Nauðsyn þótti þó að halda stöðufundi á staðnum með foreldrum sem þurftu að nýta túlkapjónustu. Túlkapjónustan var vel nýtt þennan veturinn enda nauðsynleg og starfsfólk almennt ánægt með þá þjónustu.

Nokkur barnanna voru í atferlisíhlutun, þá er barnið eitt með þjálfra í vinnustund, helst tvisvar á dag 30-40 mínútur í senn. Önnur börn fóru í litla málörvunarhópa og enn önnur fengu stuðning inni á deild í öllu starfi.

Skráning var aðallega skrifleg, þá vinnustundir og hópastarf, einnig var byggt á upptökum og reglulegir fundir haldnir, ýmist einn þjálfri í einu með sérkennslustjóra og svo deildarfundir sérkennsludeildar þar sem allir þjálfar hittu sérkennslustjóra á sameiginlegum fundum. Það var nýtt fyrirkomulag sérkennslu í Brákarborg, enda deildin aldrei áður verið svona fjölmenn. Almenn ánægja starfsfólks var með þetta fyrirkomulag og stefnt er að því að halda því áfram. Áætlað var að halda einn stóran fund á önn sem náðist ekki þennan veturinn sökum CoViD-19, aðrir fundir héldust.

Lausnahringurinn

Lausnahringurinn er verkfæri sem er hannað og smíðað í Brákarborg. Hann kennir börnum og fullorðnum að setja mörk í samskiptum. Hann er mikilvægt tæki í félagsfærniþjálfun og málörvun. Lausnir hringsins eru sjö og þær eru: Að stjórna sér, Segja stopp, Skiptast á, Bjóða knús, Geta sagt fyrirgefðu, Að hjálpast að og Bjóða öðrum með. Námsefnið Lausnahringurinn er felld inn í hefðbundið starf skólans, sögur lesnar, fræðsla, umræður og lög sungin sem tengjast viðfangsefninu. Börnin fá hlutverk lausnahringstjóra sem tengist Lausnahringnum og fá aðstoð eftir þörfum til að sinna því hlutverki. Unnið er með Lausnahringinn inni á öllum deildum.

Áhugi er fyrir námskeiðum veturinn 2021 - 2022 eins og t.d. Íslenski máhljóðamælirinn, réttindanámskeið, Íslenski þroskalistinn, réttindanámskeið, TRAS, Jákvæður agi og námskeið tengd málörvun

Samstarf leik-og grunnskóla

Samstarf milli skólastiga hefur verið gott en veturinn hefur litast eðlilega af heimsfaraldri. Nemendur fengu að fara með foreldrum sínum í grunnskólann. Nemendur hittu fyrsta bekk í grunnskóla undir berum himni ásamt því að heimsækja Frístundarheimilið nokkrum sinnum.

Skólaskil – skólaskýrsla

Skólaskil fóru fram í þremur grunnskólum í maímánuði. Aðalfundur var haldinn í hverfisskólanum, þ.e. Langholtsskóla en skil til hinna grunnskólanna fór fram með fjarfundi. Fjögur börn sem hafa notið sérkennslu kveðja Brákarborg í lok sumars. Grunnskólarnir þeir fengu afhentar skólaskýrslur barnanna með undirrituðu samþykki foreldra.

Hljóm-2

Hljóm-2 var lagt fyrir öll elstu börn leikskólans. Niðurstöður voru almennt mjög góðar. Örfá börn komu slök úr einum þætti af sjö en lögð var áhersla á þjálfun allra þátta inni á deild, með áherslu á orðaleiki og spil. Ekki þótti nein ástæða til að taka prófið aftur þar sem samtala barnanna var innan meðalfærni.

Húsnæði/aðstaða

Húsnæði og aðstaða fyrir sérkennslu í leikskólanum er almennt ábótavant. Deildir eru litlar og bjóða ekki upp á mikla skiptingu, hvað þá þegar auka starfsfólk er komið inn á deild. Sem dæmi um þetta voru 16 börn á elstu deild sem er 36 fm ásamt kjallara sem er 30 fm en aðeins 194 cm lofthæð. Þar voru í allt 7 starfsmenn í einu ásamt 16 börnum. Jafnframt var skólanum skipt í 2 sóttvarnarhólf, þannig að þessi fjöldi starfsmanna fór í sérkennsluherbergið í kaffitímum, hann mátti ekki ganga um starfsmannarýmin sem tilheyrðu öðru sóttvarnarhólfi. Þetta var mikil áskorun í starfi! Eitt sérkennsluherbergi er í Brákarborg, það er staðsett í hinum lága kjallara og er geymsla hússins inn af því. Aðstaðan öll erfið og stundum lítill vinnufriður.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Samvinna og samstarf	Bæta stórum samráðsfundi sérkennslufólks	Hafa samráð sérkennslu 3 x á vetri – allir saman	Sérkennslu - stjórn	Haus t 2021	Vor 2022	Skoðað eftir veturinn í fundargerðum	Betri upplýsinga r um samstarf milli starfsfólks í sérkennslu

4. Fjöltýngd börn – innra mat

Í Brákarborg eru 5 nemendur með fleiri en eitt tungumál. Tungumálin eru enska, tælenska, pólska, portúgalska og íslenska.

Málörvun í leikskólanum hefur verið unnin eftir svokallaðri læsisáætlun sem byggir á læsis stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem gefin var út 2013 og ber heitið Lesið í leik.

Ritmálið er sýnilegt á öllum deildum, þ.e. leiksvæðin eru merkt ásamt leikefni, skúffum og hólfum barnanna. Jafnframt eru börn elstu deildar hvött til að merkja listaverkin sín sjálf. Auk þess fá þau ýmiss hlutverk í daglegu starfi leikskólans. Þau helstu eru veðurfræðingur, rusla-meistari, aðstoðarkennari, umsjónaraðili í fataherbergi og umsjónarmaður lífræns úrgangs. Jafnframt eru allar deildir með bangsa sem fær að fara heim með barni yfir eina helgi og foreldrar aðstoða barnið að skrá í dagbók bangsans. Síðan er lesið úr dagbókinni fyrir hin börnin á deildinni. Bangsinn hefur verið í fríi vegna CoViD-19.

Unnið er með málörvun í litlum hópum inni á öllum deildum. Á næstelstu deildinni hafa verið markvissar Lubbastundir (Lubbi finnur málbein) í vetur eða 1x í viku. Þá hafa vefsíður eins og MML (Miðja máls og læsis) gefið starfsfólki góðar hugmyndir að efni til málörvunar. Mikið er unnið með þætti úr Hljóm-2, s.s. rím, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging.

Það er markviss vinna með daglegan orðaforða og áhersla á gæðamálörvun á öllum deildum. Starfsfólk hefur nýtt sér efni eins og Gefðu 10 (notað á öllum deildum). TMT er notað inni á öllum deildum með söng. Allir þættir máls eru hafðir að leiðarljósi, s.s. orðaforði, málskilningur, tjáning, áhugasvið, styrkleikar o.s.frv. Jafnframt er ávallt tekið mið af aldri og þroska barnanna.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltýngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltýngdra barna ráðstafað?	Fjármagn er nýtt í ráðningu starfsfólks.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já - það er markviss vinna með daglegan orðaforða og áhersla á gæðamálörvun á öllum deildum. Starfsfólk hefur nýtt sér efni eins og Gefðu 10 (notað á öllum deildum). TMT er notað inni á öllum deildum með söng.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já - Les- og samverustundir hafa haldist á hverjum degi í allan vetur og nýttar til að dýpka orðaforða, t.d. með söng, þulum og lestri bóka. Í heimakrók eru bækur aðgengilegar fyrir börnin. Mikið spilað á elstu deild og börn almennt hvött til að nota málið í öllu daglegu starfi. Jafnframt fá börnin tækifæri til að spreyta sig á frásögn og tjáningu. Áhersla er á frjálsa leikinn inni á öllum deildum. Reglulega er farið í sögustundir í bókasafn hverfisins og bækur þar teknar að láni til að auka fjölbreytileikann en sökum Covid-19 féllu ferðir niður í vetur.

	Sameiginlegar söngstundir eru á föstudögum. Þær hafa haldist fyrir utan tímabilið þegar skólanum var skipt í tvö sóttvarnarhólf.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já - Ýmiss matstæki eru notuð til að fylgjast með framförum barnanna. Matstækin eru TRAS, Hljóm-2, EFI og AEPS og gerð er einstaklingsáætlun fyrir hvert barn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já - Þegar hugað er að þáttum máls og virkri þátttöku barnanna er alltaf tekið mið af aldri og þroska. Allir þættir máls eru hafðir að leiðarljósi.

Umbótaáætlun málörvunar

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Viðbótar málörvun fyrir tvítyngd börn	Með því að setja saman litla hópa innan hvernar deildar	Sérkennslustjóri setur hópa saman í samráði við deildarstjóra og sérkennslustjóri ber ábyrgð	Strax þegar aðlögun er lokið	Vinnan stendur allan veturinn meðan skipulaggt starf er	Nota TRAS til að meta færni barna í ákveðnum málþáttum	Ef þau bæta við sig í þeim færnihlutum sem þau uppfylltu ekki áður miðað við aldur að hluta eða öllu leyti
Myndrænn stuðningur	Auðvelda börnum að greina skipulagið með því að hafa það myndrænt	Hafa myndir fyrir þau í t.d. lyklakippu eða við hólfbarns eftir því hvað hentar betur	Sérkennslustjóri og starfsmenn sérkennslu	Um leið og hauststarfið fer af stað með skipulögðu hópastarfi og skipulag komið í fastar skorður	Fyrir haustsamtöl til að geta kynnt þetta líka fyrir foreldrum	Skoðað hvaða færni börn hafa til að lesa í skipulag dagsins og athuga hvort þau viti hvað er næst bæði með og án hjálpartækja	Skoða hversu mörg börn eða deildir hafa fengið sérúrræði í myndrænum stuðningi
Fjölmenning – kynning þjóða	Fræðast betur um fjölmenningu skólans	Fá foreldra til samstarfs um kynningu á heimalandi	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Eftir áramót þegar allir eru orðnir	Maí 2022	Senda út könnun til foreldra	Fá svör foreldra um það hvernig þeim fannst að taka þátt, hvað gekk vel og hvað

		sínu, menningu og hefðum		öruggir í sínu og við búin að kynnar foreldru m betur			hefði betur mátt fara
Fræðsla til foreldra	Fræða foreldra um málörvun og leiðir til að vinna með heima	Efla foreldra í hlutverki sínu við að efla færni barnanna í móðurmáli sínu	Sérkennsl ustjóri í samstarfi við aðra stjórnend ur í skólanum	Á vormánu ðum	Júní 2022	Senda út könnun til foreldra	Fá svör foreldra um það hvernig þeim fannst að taka þátt, hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara

5. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla



Starfsþróunarsamtöl fóru fram í örsamtölum 2x yfir veturinn þar sem ástandið í samfélaginu gerði það að verkum að líðan starfsfólks var ekki alltaf upp á það besta. Síðan fengu allir gönguferð að Kleppsvegi þar sem stækkun skólans verður en þar á að opna árið 2022. Þótti skólastjóra mikilvægt að sýna öllum staðinn og ræða um líðan, stöðu og möguleikana sem hver og einn sæi í þeirri stækkun fyrir sig. Fræðsla fór að stórum hluta til á skipulagsdögum og starfsmannafundum.

Endurmenntun starfsmanna síðasta ár


- Forystunám – stjórnenda SFS
- Sameinginleg fræðsla á starfsdögum frá samstarfsfólki
- Fræðsla en ekki hræðsla
- Fyrirlesari frá Netsjúkraþjálfun
- Óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi - Bjartur
- TRAS námskeið
- Trúnaðarmannanámskeið EFLINGAR
- Leiðbeinandi er í kennaranámi og mun halda því áfram
- Fagnámskeið I hjá EFLINGU
- Jákvæð sálfræði og styrkleikaþjálfun (Coaching) – nýttu styrkleika þína á nýjan hátt
- TMT námskeið
- Námskeið í notkun á One Note
- Hlúum að andlegri líðan á óvissutímum
- EFI2 – málþroskamat
- Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins

Endurmenntun sem starfsfólk telur sig þurfa næsta vetur

- Jákvæð sálfræði - vinnubrögð
- Jákvæðum aga
- Einingarkubbar
- Barnavernd
- TMT námskeið
- Fagnámskeið I EFLINGAR
- Fagnámskeið II EFLINGAR
- Málþroska ungra barna
- Skyndihjálpi
- LUBBI finnur málbein

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Langholtsskóli er hverfisgrunnskólinn okkar en samstarf skólanna hefur verið minna en undanfarin ár vegna sóttvarna.




- 1. bekk boðið í heimsókn
- Vorskóli verðandi nemenda með foreldrum þeirra
- Samstarfsskólar Langholtsskóla hittust í Grasagarðinum, skreyttu tré með heimatilbúnu skrauti og sungu saman
- Leikjadagur í Langholtsskóla með samstarfsskólum hverfisins
- Skólastjóri Langholtsskóla hittir verðandi nemendur

Samstarf við frístundamiðstöð Glaðheima hefur einnig verið frábær en ekki var hægt að nýta húsnæði þeirra sem skyldi vegna sóttvarna, þó notuðum við tækifærið og vorum þar úti og gátum þá í neyð nýtt salernisaðstöðuna þar. Við fáum leyfi frá foreldrum og bjóðum forstöðumanni Glaðheima að vera með á skilafundi með Langholtsskóla. Hefur mikil ánægja verið með þessa tilhögun meðal starfsmanna frístundar, kennara Langholtsskóla, kennara Brákarborgar og foreldra.

Eftir samstarfsverkefni með Langholtsskóla um skólaskil hafa fundir verið markvissari og boðið er til funda í öllum samstarfsskólunum til skiptis. Samstarfsskólarnir er Langholt, Sunnuás og Vinagarður ásamt Brákarborg frístundinni Glaðheima og Langholtsskóla. Verkefnið miðar að því að skoða sérstaklega Hljóm-2, hvernig það er nýtt til að greina stöðuna og svo hvað það er sem vantar uppá hjá okkur til að koma börnunum betur undirbúnum frá okkur til grunnskólans. Þennan veturinn náðum við þó eingöngu að hafa skilafundi með Langholtsskóla og leggja þannig góð drög að næsta vetri.

7. Foreldrasamvinna

Að hausti fer fram kosning á aðalfundi foreldra til setu í foreldraráði, samanstendur það af minnst þremur kjörnum fulltrúum. Markmiðið er að ná inn einum fulltrúa af hverri deild til að tryggja rödd allra. Tilgangurinn með foreldraráðinu er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008).



Einnig hefur foreldraráð staðið fyrir skrifum vegna sérstakra mála sem koma skólanum við s.s. varðandi systkinaforganga og aðgengi að skólanum.

Foreldrafélag er jafnframt starfandi við leikskólann og í það er einnig kosið að hausti á aðalfundi foreldrafélagsins.

Að vori er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna til þess að kynna starfið okkar og gefa upplýsingar um hlutverk foreldra og þátttökuaðlögunina sem við notum sem starfstæki í upphafi skólagöngu barna hjá okkur. Þá fá foreldrar upplýsingar um á hvaða deild barnið þeirra verður, hver verður deildarstjóri og hvaða starfsmenn verða á deildinni, ef það er unnt.

Samstarf við foreldra í Brákarborg er mjög gott og má jafnvel leiða að því líkum að það sé vegna þess hve skólinn er lítil og samskipti foreldra, kennara og skólastjóra mikil. Vegna þessa er samstarf við foreldra og tenging milli heimilis og skóla mjög góð. Foreldrahópurinn okkar samanstendur af einstaklingum sem eru boðnir og búnir að aðstoða okkur og taka þátt í öllu því sem við höfum óskað eftir. Starfsfólkið gerir allt sem í þeirra valdi stendur til að gera þennan þátt leikskólastarfsins ánægjulegan fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Formleg foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Í október eru samtölin notuð til samvinnu við foreldra til að gera einstaklingsnámskrár fyrir börnin. Annað samtal er svo í byrjun mars þar sem farið er yfir veturinn og þau skref sem þarf að taka í framhaldinu í samráði við foreldra. Við hvetjum foreldra til samræðna við okkur og erum ávallt reiðubúin til að setjast niður og fara yfir málin með þeim. Foreldrar fá lista yfir umræðuefni og geta því verið búnir að undirbúa sig fyrir samtölin.

Fastir liðir í skipulagi skólans í samstarfi við foreldra, margar öðruvísi leiðir þurfti að fara núna vegna CoViD-19, sumt var unnið með öðrum hætti og annað fellt niður

- Foreldrafundur að hausti – var eingöngu í gengum fjarfunda búnað vegna
- Foreldrasamtöl 2x á ári – hefur verið í gegnum tölvu og mun sú leið verða valmöguleiki áfram fyrir foreldra, annað eða báða foreldra
- Þrettándakaffi – var ekki
- Gestadagur – var ekki
- Tiltektardagur – var ekki
- Sumarhátíð – eingöngu úti

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

www.brakarborg.is/images/Sk%C3%B3ladagatal_Br%C3%A1karborgar_2021-2022.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2021 - 2022												Nafn skóla: Brákarborg	
ALLIR AD KYNNAST	LAUSN MANNAÐRINS STOPP	LAUSN MANNAÐRINS SKIPTAST A	LAUSN MANNAÐRINS LEKA MED	LAUSN MANNAÐRINS LEKA MED	LAUSN MANNAÐRINS AD FYRIRGEFA	LAUSN MANNAÐRINS AD HJALPA	LAUSN MANNAÐRINS STJÓRNA SÉR	LAUSN MANNAÐRINS STJÓRNA SÉR	LAUSN MANNAÐRINS KNUS	ALLIR LAUSNAHRINGURINN	ALLIR LAUSNAHRINGURINN	ALLIR LAUSNAHRINGURINN	ALLIR LAUSNAHRINGURINN	ALLIR LAUSNAHRINGURINN	ALLIR LAUSNAHRINGURINN
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	JÚLÍ	JÚLÍ	JÚLÍ	JÚLÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M Fullveldisdagurinn	1 L Nýlendagur	1 Þ	1 Þ Sprengdagur	1 F	1 S Verkalýðdagurinn	1 M	1 L	1 L	1 L	1 L	1 L
2 M Frídagur vinkunamenn	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M í birting	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 S	2 S	2 S
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M Sameiginlegur 3 M skipulagsdagur	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 Þ
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Þreidding - 6 F förelæsing	6 S	6 S Dagur leikskólans	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 F	6 F	6 F
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 M	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 F	7 Þ	7 Þ	7 Þ	7 Þ	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Baráttudagur gegn 8 M einelti	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 S	9 S	9 S
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 M	11 F	11 M	11 M	11 F	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 Þ
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 Þ	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 Þ	14 S	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M
15 S	15 M	15 F	15 M	15 L	15 Þ	15 M	15 Þ	15 F	15 M	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M
16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 M	16 Þ	16 S	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 F	17 M	17 S	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 M	18 F	18 M	18 S	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 M	19 F	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M
20 F	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 M	20 S	20 Þ	20 M	20 F	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 M	21 F	21 M	21 M	21 M	21 F	21 M	21 F	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M
22 S	22 M	22 L	22 M	22 F	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 M	22 S	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M
23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 M	23 F	23 M	23 S	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M
24 Þ	24 L	24 M	24 F	24 S	24 Þ	24 M	24 F	24 M	24 S	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M
25 M	25 F	25 L	25 M	25 F	25 M	25 L	25 F	25 M	25 S	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M
26 F	26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M
27 F	27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 M	28 S	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M
29 S	29 M	29 L	29 M	29 F	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M
30 M	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M
31 Þ	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M

AGI
VIRÐING
UMHYGGJA

Skipulagsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 6 dagar - þar af þrír sameiginlegir með leik- og grunnskólum hverfisins. Föstudagurinn 26. nóvember, mánudagurinn 3. janúar og föstudagurinn 18. mars eru sameiginlegir í hverfinu. Skólarinn eru Brákarborg, Langholt, Langholtsskóli, Steinhlið, Sunnuás, Vinagardur og Vogaskóli.

Sumarlögun er 13. júlí - 10. ágúst báðir dagar meðtaldir.

Brákarborg sími: 411 3120

Dvergheimar: 623 3561

Álfheimar: 623 3562

Jötunheimar: 623 3563



- 20. september – Brákarborgar 69 ára
- 15. október – Menntaflétta
- 26. nóvember – Sameiginlegur í hverfi
- 3. janúar – Sameiginlegur í hverfi
- 18. mars – Sameiginlegur í hverfi
- 16. maí – Endurmat vetrarins og undirbúningur fyrir útskrift og sumarstarf

Fyrir hönd Brákarborgar

Sólrun Óskarsdóttir

Skólastjóri

LAUSNAHRINGURINN
kennir okkur að setja mörk í samskiptum

9. Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022



Umsögn foreldraráðs Brákarborgar

Foreldraráð leikskólans skipa:

Salka Guðmundsdóttir

Andri Guðmundsson

Auður Halldórsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.

- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs


Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur mótttekið og lesið starfsáætlun leikskólans Brákarborgar skólaárið 2021-2022 og fær hún samþykki allra. Það fer ekki á milli mála að ávallt er stefnan tekin á að gera gott enn betra og er ákveðinn spenningur kominn í alla hlutaðeigandi aðila skólans að aðstaða barna og starfsfólk verði bætt, ásamt því að skólalóðin fái betri umbætur en nú hefur verið gert, sem eingöngu hafa verið neyðarúrræði. Mikil ánægja meðal foreldra með núverandi stjórnun og rekstur Brákarborgar, sem er lítill leikskóli og býður upp á faglegt starf, góða sérkennslu, hlýjan anda og persónuleg samskipti. Foreldraráð ber fullt traust til Sólrúnar Óskarsdóttur leikskólastjóra og annarra stjórnenda Brákarborgar þegar kemur að því að útvíkka starfsemi leikskólans yfir í nýtt húsnæði við Kleppsveg. Mikilvægt er þó að núverandi húsnæði gleymist ekki í þessu stóra verkefni sem framundan er.

Síðastliðinn vetur hefur álag verið mikið og verkefnin ærin í leikskólasamfélaginu sem og annarsstaðar. Hefur starfsfólki Brákarborgar þó tekist með mikilli þrýði að halda þannig á spöðunum að áhrifa er ekki að gæta í starfinu eða líðan barnanna. Einstaklega vel gekk að halda skólanum óskertum og hafa upplýsingagjöf og samskipti verið góð.

Börnin voru spurð hvað er best við Brákarborg



Börnin voru spurð að því hvaða lausnir eru mikilvægastar - hérna koma þau í þeirri röð sem þau svöruðu



Börnin voru spurð að því hvað væri leiðinlegt í Brákarborg

